

Viðauki I

Lögregluembættin níu

Í viðauka I eru ýmsar upplýsingar varðandi lögregluembættin níu teknar saman. Um er að ræða lýðfræðilegar upplýsingar, upplýsingar um lögregluliðin og einnig *valin* brot og verkefni eftir embættum. Þá má sjá kort með vegalengdum frá lögreglustöðvum að íverustöðum og dreifingu neyðarsímtala árið 2017.

Útskýringar:

Orðasúpa

Stærð orðanna (nafna sveitafélaganna) efst á síðu hvers embættis endurspeglar mannfjölda í sveitafélögum embættanna 2018, fjölmennasta sveitafélagið er stærst og fámennasta minnst.

Almannavarnir og náttúruvá

Neðst á hverri síðu um eiginleika embættanna er dálkur um „Almannavarnir og náttúruvá“. Um er að ræða upplýsingar um helstu náttúruvá samkvæmt áhættuskoðun Almannavarna ríkislögreglustjóra frá 2011. Þar kemur fram hverjar af þessum náttúruvám eru þekktar í umdæminu og hverjar ekki. Blátt tákn þýðir að náttúruváið sé þekkt en ljósgrátt tákn að hún hafi ekki verið þekkt í umdæminu hingað til.

Brot og verkefni 2018 (töflur og myndir).

Um er að ræða samantekt af völdum brota- og verkefnaflokkum, þróun síðustu fjögurra ára 2015-2018. Það eru hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (þó ekki hraðakstursbrot) og einnig verkefnaflokkar svo sem skylduverk, aðstoð við borgara, brunar, leitir og mannlát. Talinn er fjöldi mála þar sem umræddir verkefnaflokkar koma fram.

Staðsetningar lögreglustöðva

Miðað er við staðsetningar lögreglustöðva árið 2018. Ekki var fyrirfram skilgreint hvað lögreglustöð er og getur viðvera verið mismikil á þeim stöðvum sem skráðar eru.

**Þekktar breytingar á staðsetningum lögreglustöðva síðan kort var gefið út: Ekki er lengur lögreglustöð staðsett í Garði á Suðurnesjum.*

Þéttleikakort

Miðað er við staðsetningar allra neyðarsímtala árið 2017.

Heimildir:

Fjöldi brota, stærð embættis, staðsetningar stöðva og lengd vega: Ríkislögreglustjóri.

Fjöldi lögreglumanna og starfsmanna lögreglu: Ríkislögreglustjóri. Fjöldi lögreglu miðast við febrúar 2018.

Fjöldi íbúa janúar 2018: Hagstofa Íslands.

Meðalaldur íbúa árið 2018: Hagstofa Íslands.

Náttúruvá og almannavarnir:

Guðrún Jóhannesdóttir (ritstjóri). (2011). Áhættuskoðun almannavarna. Reykjavík. Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild.

Evgenia Ilynskaya og Bergrún Arna Óladóttir (ritstjórar). (2020, janúar). Íslensk eldfjallavefsjá. Sótt af www.icelandicvolcanos.is.

Kort: Samsýn ehf.

Lögregluembætti landsins

Í kaflanum hér á eftir má finna greinagóðar upplýsingar um hvert og eitt lögregluembætti landsins en þau eru níu talsins, þ.e. Höfuðborgarsvæðið, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Vestmannaeyjar og Suðurnes. Megin verkefni embættanna geta verið ólík, sem getur t.d. farið eftir íbúafjölda, fjölda ferðamanna, stærð embættis og starfsemi innan umdæmisins (t.d. sumarbústaðarbyggð).


Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu er lang fjölmennasta lögregluumdæmið með rúmlega 220 þúsund íbúa. Íbúapéttleiki er mestur í Vestmannaeyjum, með 252 íbúa á hvern km² en næst mestur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem eru 213 íbúar á hvern km² en péttleiki er mun minni á öðrum svæðum. Stærsta embættið að umfangi er Suðurland sem er 31.000 km² að stærð, en langminnsta er Vestmannaeyjar, sem er aðeins 17 km².



- Íbúafjöldi (1.jan.2018)
- Stærð umdæmis km²
- Lengd vegakerfis, km
- Meðalaldur (1.jan.2018)

Lögregluembættin níu eftir íbúafjölda:

1. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
2. Lögreglan á Norðurlandi eystra
3. Lögreglan á Suðurnesjum
4. Lögreglan á Suðurlandi
5. Lögreglan á Vesturlandi
6. Lögreglan á Austurlandi
7. Lögreglan á Norðurlandi vestra
8. Lögreglan á Vestfirðum
9. Lögreglan í Vestmannaeyjum



Þegar fjöldi mála og verkefna eru greind eftir mánuðum, vikudegi og tíma sólarhrings niður á hvert og eitt embætti má sjá að dreifingin getur verið ólík milli umdæma. T.d. dreifast þessi máli frekar jafnt yfir mánuðina á höfuðborgarsvæðinu en í mörgum minni embættanna eru þau flest yfir sumarmánuðina (t.d. á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi eystra).

Í greiningunni niður á embætti kemur fram fjöldi lögreglu- og afleysingarmanna. Heildarfjöldi starfandi lögreglumanna 1. feb. 2018 í lögregluembættunum níu var 549 en 645 ef talið er með embætti ríkislögreglustjóra. Hjá embætti ríkislögreglustjóra eru flestir starfandi í sérsveit en einnig í öðrum deildum sem koma að löggæslustörfum á landsvísi. Þá voru 17 starfandi hjá Héraðssaksóknara. Árið 2016 voru lögreglumenn í embættunum níu 556 og borgarlegir starfsmenn 132 en þar undir falla störf þjónustufulltrúa, lögfræðinga og annarra

annarra sérfræðinga. Ekki liggja fyrir tölur um fjölda borgarlega starfsmanna lögreglu árin 2017 og 2018.

LRH: Embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er fjölmennt (222 þús. íbúar), og er meðalaldur íbúa í lægra lagi miðað við hin embættin átta eða 37 ár. Þá fer mikill fjöldi ferðamanna um umdæmið og Reykjavíkurlugvöllur sem er alþjóðaflugvöllur er einnig staðsettur þar. Stærsta sveitarfélagið er Reykjavík og Kópavogur þar á eftir. Langflest hegningarlagaþrot eru framin í þessu umdæmi, eins og gefur að skilja miðað við fjölda íbúa, eða að meðaltali um 9.000 þrot síðustu þrjú ár. 284 lögreglumenn voru starfandi 1. febrúar 2018, og 98% menntaðir lögreglumenn. Á korti um neyðarsímtöl sem sjá má í kaflanum hér á eftir, voru skráð yfir 2.200 neyðarsímtöl á ákveðnum svæðum innan höfuðborgarsvæðisins á árinu 2017 en heildarfjöldi símtala var rétt tæp 45.000 símtöl. Svæðið er þéttbýlt eins og áður sagði og er lengsta vegalengd sem lögreglan þarf að ná til er í 70 km fjarlægð frá næstu lögreglustöð, og lengsti mögulegi viðbragstíminn fellur undir 30-60 mínútur.

LVL: Í embætti lögreglunnar á Vesturlandi er Akranes stærsta sveitarfélagið og Borgabyggð næst stærst. Íbúar embættisins eru rúm 16 þúsund en umdæmið er strjálbýlt (1,7 íbúar á km²). 29 lögreglu- og afleysingarmenn starfa hjá embættinu. Stórar sumarhúsabyggðir eru innan lögregluembættisins sem hefur áhrif á dreifingu mannfjöldans, sérstaklega yfir sumartímann. Embættið sinnir úrvinnslu úr stafrænum hraðamyndavélum. Embættið sinnti mest milli 500-1000 málum vegna neyðarsímtala á ákveðnu svæði árið 2017. Lengsta vegalengd sem lögreglan þarf að ná til er í 70 km. fjarlægð frá næstu lögreglustöð, og lengsti mögulegi viðbragstíminn fellur undir 30-60 mín.

LVF: Íbúar umdæmis lögreglunnar á Vestfjörðum eru tæplega 7 þúsund talsins og er Ísafjarðarbær stærsta sveitarfélagið og Vesturbyggð næst stærst. Fjöldi lögreglu- og afleysingarmanna er 20. Samgöngur geta verið mjög erfiðar vegna færðar og veðurs sem getur haft áhrif á viðbragðstíma lögreglu. Flest neyðarsímtöl voru milli 150-300 mál á ákveðnu svæði árið 2017. Fjarlægðir frá næstu lögreglustöð á þjónustusvæði geta náð yfir 200 km og viðbragðstími þangað því yfir 90 mínútur.

LVN: Innan umdæmis lögreglunnar á Norðurlandi vestra búa rúmlega 7 þúsund íbúar, eða rétt fleiri en á Vestfjörðum. Stærsta sveitarfélagið er Skagafjörður og næst stærst er Húnaþing vestra. Fjöldi lögreglu- eða afleysingarmanna er 16. Í umdæminu eru langar vegalengd milli lögreglustöðva og langir vegakafar þar sem umferð getur verið þung. Flest neyðarsímtöl voru 150-300 talsins á ákveðnu svæði innan umdæmisins árið 2017, og er lengsta vegalengd frá næstu lögreglustöð yfir 200 km. og tekur meira en 90 mínútur að komast á þau svæði.

LNE: Lögreglan á Norðurlandi eystra er næst fjölmennasta umdæmið, með rúmlega 30 þúsund íbúa. Stærsta sveitarfélagið er Akureyri og Norðurþing þar á eftir. Meðalaldur íbúa er í hærra lagi, eða 39 ár. Fjöldi lögreglu- og afleysingarmanna eru 43. Umdæmið nær yfir mjög stórt landsvæði og langt er á milli lögreglustöðva, sérstaklega í eystri hluta umdæmisins. Neyðarsímtöl á árinu 2017 voru flest 500-1000 á ákveðnu svæði. Það tekur lögreglu meira en 90 mínútur að komast á ákveðin svæði innan umdæmisins, svæði á hálendinu auk þess sem Grímsey er í umdæminu sem tekur yfir 90 mínútur að komast til (miðað við ferjuleið en hámarks- hraði á þeim er 30 km/klst.) Yfir 200 km. eru frá næstu lögreglustöð til ákveðinna svæða innan umdæmisins.

LAL: Íbúar umdæmis lögreglunnar á Austurlandi eru rúm 10 þúsund og búa 0,6 íbúar á hvern km². Fjöldi lögreglu- og afleysingarmanna eru 23 (sem er svipað og á Vestfjörðum þar sem fjöldinn er 20 lögreglumenn). Stærsta sveitarfélagið á Austurlandi er Fjarðabyggð. Næst stærsta sveitarfélagið er Fljótshálfur og þar er staðsettur innanlands- og alþjóða- flugvöllur. Höfnin á Seyðisfirði er landamærastöð þar sem reglubundnar siglingar eru á milli landa. Heildarfjöldi neyðarsímtala árið 2017 var á bilinu 150-300 á því svæði þar sem mest var. Nokkur þjónustusvæði innan umdæmisins eru í

meira en 200 km fjarlægð og það tekur meira en 90 mínútur að komast á þessi sömu svæði. Auk þess geta samgöngur verið mjög erfiðar vegna færðar og veðurs sem getur haft áhrif á viðbragðstíma lögreglu.

LSL: Innan umdæmis lögreglunnar á Suðurlandi eru íbúar tæp 25 þúsund en umdæmið er stærst umdæmanna að flatarmáli. Stærsta sveitarfélagið er Árborg og Hveragerði kemur þar á eftir. Fjöldi lögreglu- og afleysingarmanna eru 37 (sem er næst Norðurlandi eystra í fjölda þar sem þeir eru 43). Stórar sumarhúsabyggðir eru innan embættisins og gríðarlega mikil umferð ferðamanna sem fer þar um enda er á svæðinu vinsælir ferðamannastaðir eins og Gullni hringurinn og Jökulsárlón. Dæmi er um mörg umferðarslys og önnur váleg slys á svæðinu auk þess sem mikið álag getur skapast vegna almannavarna. Fjöldi neyðarsímtala var mestur 500-1000 á ákveðnu svæði árið 2017. Þjónustusvæði er að mestu leyti á vesturhluta umdæmisins, þar sem sumarhúsabyggðir eru algengar. Það tekur lögreglu meira en 90 mín að komast á nokkur svæði, en þau svæði eru ekki mörg. Hins vegar er algengt að svæði séu í 30-60 mín fjarlægð. Aksturstími að þjónustusvæðum getur náð yfir 200 km.

LVE: Lögreglan á Vestmannaeyjum er með fæsta íbúa, eða rúmlega 4 þúsund og umdæmið er þéttbýlasta umdæmið eins og áður sagði. Lögreglu- og afleysingarmenn eru fæstir miðað við önnur umdæmi, voru 9 í febrúar 2018. Vestmannaeyjar er frekar eingangrað sveitarfélag og geta samgöngur við Heimaey lokast af vegna veðurs. Getur þá langur tími liðið þar til aðstoð berst frá öðrum lögregluliðum. Heildarfjöldi neyðarsímtala árið 2017 var mestur á milli 150-250 mál á ákveðnu svæði. Þegar litið er til þjónustusvæðis fellur það allt undir 15 km og 15-20 mínútur frá næstu lögreglustöð.

LSS: Íbúar umdæmis Suðurnesja eru um 26 þúsund (sem er svipaður íbúafjöldi og á Suðurlandi). Stærsta sveitarfélagið er Reykjanesbær og næst stærst Grindavíkurbær, auk þess sem Keflavíkurflugvöllur fellur undir umdæmið. Meðalaldur íbúa innan umdæmisins er talsvert lægri en í öðrum umdæmum, eða 36 ár. Fjöldi lögreglu- og afleysingarmanna er 88 og hluti þeirra vinna alfarið á flugvöllum en umferð um flugvöllinn er mjög mikil og hefur farið vaxandi síðustu ár. Fjöldi neyðarsímtala var mestur á bilinu 900-2200 mál (2017) á ákveðnu svæði, en heildarfjöldi þeirra var rúm 4000 símtöl. Lögregla er mest 20-25 mínútur á þjónustusvæði og vegalengd mest 30 km.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Seltjarnarnes
Kjósarhreppur Garðabær
Kópavogur

Reykjavík

Hafnarfjörður
Mosfellsbær



Embættið 2018




Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 284
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 43,5 ár
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 98%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 0
Fjöldi starfandi lögregluembætti = 31

Skipulag: Fjórar lögreglustöðvar: 2 í Reykjavík, 1 í Kópavogi og 1 í Hafnarfirði.

Embættið skiptist upp í almenna löggæslu, rannsóknardeildir, ákærusvið og stoðdeildir. Í stoðdeildum eru m.a. starfræktar sérhæfðar rannsóknardeildir þ.e. tölvurannsókn- og rafeindadeild og tæknideild sem aðstoða einnig önnur lögregluembætti.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er fjölmennasta lögregluembættið. Þar eru sjö sveitarfélög. Umdæmið nær yfir 1.043 km² og er næst þéttbýlasta umdæmið með um 213 íbúa á hvern km². Í umdæminu er höfuðborg, staðsetning stjórnkerfis og mikilvægra innviða landsins. Alþjóðaflugvöllur er í umdæminu og stór flutningahöfn.

Meðalaldur íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 1 virkt eldstöðvakerfi. Síðasta eldgos seint á 10. öld.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði jarðskjálfta, en stórtjón óalgeng.



Jökulhlaup:



Flóð:



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggur að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð: Geta orðið í fjallendi og þekkt að göngufólk hafi lent í þeim.



Skriðuföll: Minni skriður eru þekktar.




Vindhviður: Víða á höfuðborgarsvæðinu geta komið miklar vindhviður t.d. undir fjöllum (Kjalarnes).




Gróðureldar:


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)



Lengd vega í km.



Fjöldi íbúa






Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Brot og verkefni 2018

Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum



Brot og verkefni, skilgreining


Hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannsát. Talinn er fjöldi mála.

Á árunum 2015 til 2018 fjölgaði gistinóttum hjá erlendum ferðamönnum talsvert að sumri til miðað við vetrarmánuðina. „Verkefni og brot“ eru einnig fleiri að sumri til en að vetri.

Þegar á heildina er litið, áttu um 38% umferðarlagabrota sér stað frá hádegi fram til kl. 18 árið 2018. Aukning var á umferðarlagabrotum um sumarið og flest voru þau í ágúst.

Um 70% hegningarlagabrota áttu sér stað að degi til, frá klukkan 6 til 17. Líkt og umferðarlagabrot voru þau hlutfallslega fleiri á virkum dögum en um helgar (helgi er hér skilgreind frá föstudegi til hádegis á mánudegi). Auðgunarbrot voru algengari á virkum dögum en um helgar, hinsvegar voru ofbeldisbrot algengari um helgar.


Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinóttanna erlendra ferðamanna




Hegningarlagabrot

Í samanburði við önnur embætti eru flest hegningarlagabrot skráð í embættinu eða að meðaltali yfir 9.000 brot síðustu þrjú ár (2016-2018). Auðgunarbrot er þar stór hluti, en rúmlega helmingur hegningarlagabrota var auðgunarbrot.


Fjöldi brota (topp 3 í LRH) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa:



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokum






Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Þjónustusvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum






Lögreglan á Vesturlandi

Stykkishólmur
Borgarbyggð
Akranes
Snæfellsbær
Grundarfjarðarbær
Hvalfjarðarsveit
Eyja og Miklaholtshreppur

Dalabyggð
Skorradalshreppur
Helgafellssveit



Embættið 2018




Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 29
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 41,6
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 79%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 5
Fjöldi starfandi lögreglunema = 3

Skipulag: Sex lögreglustöðvar: Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ. Rannsóknardeild er staðsett er á Akranesi.


Lögreglan á Vesturlandi er fimmta fjölmennasta lögregluembættið. Þar eru 10 sveitarfélög. Umdæmið nær yfir 9.520 km² og er það fjórða þéttbýlasta á landinu. Stórar sumarhúsabyggðir eru innan þess og hefur það mikil áhrif á dreifingu mannfjöldans, sérstaklega yfir sumartímann.

Embættið sinnir úrvinnslu úr stafrænum hraðamyndavélum fyrir öll embætti.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)




Lengd vega í km



Fjöldi íbúa



Meðalaldur íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 5 virk eldstöðvakerfi. Síðasta eldgos nálægt landnámi.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði jarðskjálfta, en eignatjón óalgeng.



Jökulhlaup:



Flóð: Flóð verða reglulega í ám vegna leysinga og krupa: t.d. Hvítá, Norðurá, Þverá, Miðá og Hvolsá.



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggur að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð: Hættumat hefur verið gert fyrir Ólafsvík í þéttbýli. Í dreifbýli er víða þekkt snjóflóð á vegum og hlíðum.



Skríðuföll: Víða þekktar skríður: t.d. Hítardalur, Skorradalur, Skarðsströnd, Álftafjörður, Gilsfjörður.



Vindhviður: Vindhviður undir fjöllum: t.d. Snæfellsnes, Hafnarfjall, Hvalfjörður, Brattabrekka.




Gróðureldar: Víða er hætt á gróðureldum. Viðbragðsáætlun fyrir Skorradal er til staðar.



Lögreglan á Vesturlandi

Brot og verkefni 2018


Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum




Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinguðra erlendra ferðamanna




Hegningarlagabrot

Á Vesturlandi voru hegningarlagabrot yfir 200 að meðaltali árin 2016-2018. Á árunum 2008-2018 voru að meðaltali 365 brot á ári, brotin voru yfir 500 árin 2009-2010 þegar fjöldi þjófnaða og innbrota náði hámarki og eignaspjöll voru einnig algengari. Hegningarlagabrotum fór fækkandi eftir 2010.


Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa:



Fjöldi brota (topp 3 í LVL) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokkum






Lögreglan á Vesturlandi

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan á Vesturlandi

Þjónustuvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum





Lögreglan á Vestfjörðum

Súðavíkurbeygja Tálknafjarðarhreppur

Strandabyggð

Vesturbyggð

Ísafjarðarbær

Bolungarvík Árneshreppur

Reykholahreppur
Kaldrananeshreppur



Embættið 2018



Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 20
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 42,0
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 80%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 3
Fjöldi starfandi lögreglunema = 2


Skipulag: Þrjár lögreglustöðvar: Ísafirði, Patreksfirði og á Hólmanvík.

Rannsóknardeild er staðsett á Ísafirði.

Lögreglan á Vestfjörðum er næst fámennasta lögregluembættið. Þar eru níu sveitarfélög. Umdæmið nær yfir 9.354 km² og er það þriðja dreifbýlasta á landinu. Langar vegalengdir eru milli lögreglustöðva sem gerir samvinnu erfiðari.

Samgöngur á svæðinu geta verið mjög erfiðar vegna færdar og veðurs, en sérstaklega á veturnar getur það haft áhrif á viðbragðstíma lögreglu á svæðinu.

Meðalaldur íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni:



Jarðskjálftar:



Jökulhlaup:



Flóð: Minni ár í bröttum fjallshlíðum sem vaxa í leysingum og krappa.



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggur að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð: Hættumat fyrir flest þéttbýli og víða hætta á vegum og í dreifbýli.



Skríðuföll: Víðast hvar brattar hlíðar ofan þéttbýlis og á vegum og tjón hafa orðið vegna skríðufalla.




Vindhviður: Hætta á vindhviðum á heiðum og undir fjöllum.




Gróðureldar: Hætta á tjóni vegna gróðurelda.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)



Lengd vega í km.



Fjöldi íbúa







Lögreglan á Vestfjörðum

Brot og verkefni 2018


Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum




Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinguera erlendra ferðamanna




Hegningarlagabrot

Árið 2018 voru um 126 hegningarlagabrot og íbúar embættisins voru 6.994 í upphaf árs 2018. Það gerir um 180 hegningarlagabrot per 10 þúsund íbúa, en fjöldi brota á íbúa hafa farið fækkandi undanfarnin ár.


Fjöldi brota (topp 3 í LVF) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokkum






Lögreglan á Vestfjörðum

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan á Vestfjörðum

Þjónustusvæði


Aksturstími frá lögreglustöðvum





Lögreglan á Norðurlandi vestra

Skagabyggð Akrahreppur
Skagatrönd
Húnaþing vestra
Skagafjörður
Blönduóssbær
Húnavatnshreppur



Embættið 2018



Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 16
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 47,4
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 88%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 6
Fjöldi starfandi lögreglunema = 2


Skipulag: Tvær lögreglustöðvar: Blönduós og Sauðárkrókur.

Rannsóknardeild er staðsett hjá Lögreglunni á Norðurlandi eystra.


Lögreglan á Norðurlandi vestra er þriðja fámennasta lögregluembættið. Þar eru sjö sveitarfélög. Umdæmið spannar 12.592 km² og er það strjálbýlasta á landinu, ásamt umdæmi Lögreglunnar á Austurlandi.

Í umdæminu er löng vegalend milli lögreglustöðva, langir vegakafar og getur umferðarpungi verið mikill.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)



Lengd vega í km.



Meðalaldur íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 1 virkt eldstöðvakerfi. Ekkert eldgos á sögulegum tíma.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði jarðskjálfta sem geta valdið eignatjóni.



Jökulhlaup:



Flóð: Stórar ár sem geta vaxið vegna leysinga og krapa. T.d Blanda, Laxá, Vatnsdalsá, Svartá og Héraðsvötn.



Sjávarflóð:



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð: Hættumat fyrir Sauðárkrók. Snjóflóðahætta er víða í dreifbýli og á vegum.



Skriðuföll: Víða í umdæminu hafa fallið skriður: t.d. Geita-skarð, Norðurárdal, á Reykjaströnd, Hjaltadal.



Vindhviður:




Gróðureldar:



Lögreglan á Norðurlandi vestra

Brot og verkefni 2018

Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum




Brot og verkefni, skilgreining

Hegningar-, sérrepsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannslát. Talinn er fjöldi mála.

Á Norðurlandi vestra áttu flest verkefni og brot sér stað að degi til, frá hádegi fram til 18, eða 64% mála. Þá voru flest málin á þriðju- og miðvikudögum. Eins og sjá má á myndin hár að neðan er lang stærstur hluti brota/verkefna hjá lögreglu umferðarlagabrot, nánar tiltekið hraðakstursbrot.

Umferðarlagabrotin voru flest í mars. Ef umferðarlagabrot eru frátalin voru verkefni/brot flest í júlí, eða 99 talsins, en af þeim voru 42 verkefni sem snúa að lausagöngu dýra eða akstur á búfé.


Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistingu á erlendra ferðamanna




Hegningarlagabrot

Á Norðurlandi vestra voru fæst hegningarlagabrot 2018 af öllum embættum. Umdæmið er jafnframt með fæst brot miðað við höfðatölu, eða samtals um 60 hegningarlagabrot allt árið 2018 og 7.195 íbúa í upphaf árs.


Fjöldi brota (topp 3 í LNV) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokki






Lögreglan á Norðurlandi vestra

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan á Norðurlandi vestra

Þjónustuvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum





Lögreglan á Norðurlandi eystra

Tjörneshreppur
Hörgársveit Svalbarðsströndarhreppur
Langesbyggð Pingeyjarsveit
Grýtubakkahreppur Dalvíkurbyggð
Skútustaðahreppur Norðurþing
Akureyri
Fjallabyggð
Eyjafjarðarsveit
Svalbarðshreppur



Embættið 2018




Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 43
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 44,5
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 88%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 5
Fjöldi starfandi lögreglunema = 8

Skipulag: Fimm lögreglustöðvar: Akureyri, Dalvík, Húsavík, Þórshöfn og í Fjallabyggð.
Rannsóknardeild er staðsett á Akureyri. Hún sinnir einnig rannsóknum fyrir lögregluna á Norðurlandi vestra.


Lögreglan á Norðurlandi eystra er næst fjölmennasta lögregluembættið. Þar eru 13 sveitarfélög. Umdæmið nær yfir 22.088 km² og er það fimmta þéttbýlasta á landinu.

Langt er á milli lögreglustöðva, sérstaklega í eystri hluta umdæmisins. Alþjóðlegur flugvöllur er á Akureyri.


Íbúapétteiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)




Lengd vega í km.



Fjöldi íbúa



Meðalaldur íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 8 virk eldstöðvakerfi. Síðast gaus í Bárðarbungu (Höluhrauni) 2014-2015.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði stórra jarðskjálfta. Þekktir atburðir sem valda miklu eignartjóni.



Jökulhlaup:



Flóð: Stórar og litlar ár sem geta vaxið í leysingum og kröpa: t.d. Skjálfandafjót, Jökulsá á Fjöllum og Laxá.



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggur að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignartjóns.



Snjóflóð: Hættumat fyrir Akureyri, Siglufjörð og Ólafsfjörð. Víða snjóflóðahætta í dreifbýli og á vegum.



Skriðuföll: Víða þekkt skriðusvæði.



Vindhviður:




Gróðureldar: Hætta á eignartjóni vegna gróðurelda, bæði nytjatjón og í sumarhúsabyggingum.



Lögreglan á Norðurlandi eystra

Brot og verkefni 2018

Eftir tíma sólarhrings



Brot og verkefni, skilgreining


Hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannsát. Talinn er fjöldi mála.

Á Norðurlandi eystra voru flest málin á laugardögum og sunnudögum árið 2018, eða 34% verkefna og flest að degi til (37%).


Rétt yfir 30% verkefna/skylduverka lögreglu eru vegna umferðaóhappa/slysa.

Flest mál þar sem um var að ræða hegningarlagabrot voru í ágúst og október (kringum 50 mál). Árið 2018 voru hlutfallslega flest brot og verkefni að sumri til, frá júní til og með ágúst, en mikil fjölgun var á umferðarlagabrotum, og eru hraðakstursbrot þar stærsti hlutinn.

Eftir vikudögum




Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinóttanna erlendra ferðamanna




Hegningarlagabrot

Norðurland eystra er næst fjölmennasta umdæmið með 30.453 íbúa í upphaf árs 2018, en hegningarlagabrotin voru alls 525 það ár. Hegningarlagabrot á íbúa hefur farið fækkandi á síðustu 10 árum.


Fjöldi brota (topp 3 í LNE) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokka






Lögreglan á Norðurlandi eystra

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan á Norðurlandi eystra

Þjónustusvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum





Lögreglan á Austurlandi

Fljótsdalshérað Fjarðabyggð

Breiðdalshreppur

Seyðisfjörður

Vopnafjarðarhreppur

Djúpavogshreppur

Borgarfjarðarhreppur

Fljótsdalshreppur



Embættið 2018



Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 23

Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 46,0

Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 78%

Fjöldi héraðslögreglumanna = 6

Fjöldi starfandi lögreglunema = 0


Skipulag: Sex lögreglustöðvar eru í embættinu: Eskifirði, Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði, Neskaupsstað, Djúpavogi, og á Vopnafirði.

Rannsóknardeildir eru staðsettar á Eskifirði og Fáskrúðsfirði.


Lögreglan á Austurlandi er fjórða fámennasta lögregluembættið. Þar eru átta sveitarfélög. Umdæmið nær yfir 16.312 km² og er það strjálbýlasta á landinu, ásamt umdæmi Lögreglunnar á Norðurlandi vestra.

Höfnin á Seyðisfirði er landamærastöð þar sem reglubundnar siglingar eru milli landa. Álag getur verið hjá lögreglunni á svæðinu vegna þessara landamæra.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)




Lengd vega í km.



Meðalaldur íbúa



Fjöldi íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 2 virk eldstöðvakerfi. Ekkert eldgos á sögulegum tíma.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði jarðskjálfta á hálendinu, en ekki algengir í þéttbýli.



Jökulhlaup: Hlaup geta komið í ár sem liggja frá Vatnajökli.



Flóð: Ár sem geta flætt í leysingum og krapa.



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggur að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð: Hættumat fyrir Seyðisfjörð, Neskaupsstað, Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð. Víða hætta á vegum og í dreifbýli.



Skríðuföll: Þekktar skriður sem hafa valdið eignatjóni.



Vindhviður: Aðstæður þar sem viðhviður geta skapast eru til staðar.




Gróðureldar: Mikil skógrækt í umdæminu og hætta á gróðureldum.



Lögreglan á Austurlandi

Brot og verkefni


Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum




Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinotta erlendra ferðamanna



Hegningarlagabrot

Á Austurlandi voru 106 brot árið 2018. Embættið er, ásamt norðurlandi vestra, með lægstan íbúapétteleika með aðeins 0,6 íbúa á hvern ferkilómetur. Austurlandið er jafnframt með næst lægsta tíðni hegningarlagabrota á íbúa árið 2018, á eftir Norðurlandi vestra.

Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa:



Brot og verkefni, skilgreining


Hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannsát. Talinn er fjöldi mála.

Eins og í öðrum umdæmum að svipaðir stærðir er flest verkefni og brot á milli 12 til 18 eða um 51% verkefna. Flest málin voru í miðri viku fremur en að helgi til eða á mánudögum.


Um 14% mála (300) hjá lögreglunni á Austurlandi voru skylduverk en meirihluti þeirra voru slys og umferðaróhöpp árið 2018. Þegar verkefni eru rýnd nánar má sjá að flest voru vegna aðstoð við borgarana.

Umferðarlagabrotin voru flest yfir sumarmánuðina (mest um 280 mál), og hegningarlagabrot flest í júlí (í 19 málum).

Fjöldi brota (topp 3 í LAL) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokkum






Lögreglan á Austurlandi

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu.






Lögreglan á Austurlandi

Þjónustusvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum





Lögreglan á Suðurlandi

Grímsnes og Grafningshreppur
Mýrdalshreppur
Bláskógabyggð Skeiða og Gnúpverjahreppur
Flóahreppur Rangárþing ytra
Hrunamannahreppur Ölfus
Ásahreppur Hveragerði
Árborg
Hornafjörður
Rangárþing eystra
Skaftárhreppur



Embættið 2018




Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 37
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 42,9
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 92%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 4
Fjöldi starfandi lögreglunema = 8

Skipulag: Fimm lögreglustöðvar eru í embættinu:
Selfossi, Hvolsvelli, Höfn, Vík og Kirkjubæjarklaustri.
Rannsóknardeild er staðsett á Selfossi.

Lögreglan á Suðurlandi er fjórða fjölmennasta lögregluembættið. Þar eru 14 sveitarfélög. Umdæmið er það stærsta á Íslandi og nær yfir 30.951 km² og er það fjórða strjálbýlasta.

Stórar sumarhúsabyggðir eru innan embættisins og dreifing fólks um umdæmið því meiri en lögheimili íbúa segir til um. Gríðarlegur fjöldi ferðamanna leggur leið sína um embættið, allt árið um kring. Mikið álag getur skapast vegna almannavarna.

Meðalaldur íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 16 virk eldstöðvakerfi. Síðast gaus árið 2014-2015 í Bárðarbungu (Holuhrauni).



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði stórra jarðskjálfta. Þekktir atburðir sem valda miklu eignatjóni.



Jökulhlaup: Stór jökulhlaup verða í umdæminu vegna flóða frá Vatnajökli, Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli.



Flóð: Stórar ár sem geta flætt yfir bakka í leysingum og krapa.



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggur að sjó: t.d. Stokkseyri, Eyrarbakki, Þorlákshöfn og Vík.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð: Hættumat fyrir Kirkjubæjarklaustur og Vík í Mýrdal. Víða er snjóflóðahætta í dreifbýli.



Skriðuföll: Stórar skriður þekktar t.d. Svínafellsheiði, Reynisfjall, á Síðu og Kirkjubæjarklaustri, Ingólfsfjall.




Vindhviður: Þekktir staðir á þjóðveginu. Vegum oft lokað í miklum vindi. Td. Undir Eyjafjallum og í Öræfum.




Gróðureldar: Hætta í þéttum, grónum sumarhúsabyggðum.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)



Lengd vega í km.



Fjöldi íbúa






Lögreglan á Suðurlandi

Brot og verkefni 2018


Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum




Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistingu á erlendra ferðamanna



Hegningarlagabrot

Hegningarlagabrot árið 2018 voru 176 á hvern íbúa eða 432 í heildina*. Fjöldi brota á íbúa hefur farið fækkandi undanfarin áratug.

Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa



Brot og verkefni, skilgreining


Hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannsát. Talinn er fjöldi mála.

Mikil aukning er af ferðamönnum að sumri til í lögreglu-umdæmi Suðurnesja, og fjöldi náttu í kringum 300 þúsund yfir vinsælustu mánuðina júlí og ágúst. Gistinguþættum hefur fjölgað yfir vetrartímann síðustu tvö ár.


Stærstur hluti mála voru að degi til (kl. 12-18) eða 45% og fjórðungur að kvöldi til. Málin dreifðust mjög jafnt yfir vikuna. Fjöldi hegningarlagabrota var frá 20-40 brot á mánuði, mest í júní.

Árið 2018 voru verkefni/skylduverk lögreglunnar flest í febrúar, en um þriðjungur þeirra voru skylduverk mest umferðaróhöpp og -slys.

Fjöldi brota (topp 3 í LSL) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokum






Lögreglan á Suðurlandi

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu.






Löggreglan á Suðurlandi

Þjónustusvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum





Vestmannaeyjar



Embættið 2018




Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 9
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 53,0
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 100%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 0
Fjöldi starfandi lögreglunema = 2

Skipulag: Lögreglustöð er staðsett í Vestmannaeyjum. Rannsóknardeild er staðsett í Vestmannaeyjum


Lögreglan í Vestmannaeyjum er fámennasta lögreglu-embættið. Þar er eitt sveitarfélag. Umdæmið er það minnsta á landinu, um 17 km² en er aftur á móti það þéttbýlasta.

Samgöngur við Heimaey geta lokast af vegna veðurs og því getur langur tími liðið þar til aðstoð berst frá öðrum lögregluliðum.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)




Lengd vega í km.



Meðalaldur íbúa



Fjöldi íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 1 virk eldstöðvakerfi. Síðast gaus 1973 í Heimaey.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði jarðskjálfta á Suðurlandi. Einnig getur jörð skolið í eldsumbrotum.



Jökulhlaup:



Flóð:



Sjavarflóð: Sjavarflóðahætta er þar sem þéttbýli liggur að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð:



Skríðuföll: Hætta á skriðum og grjóthruni í bröttum hlíðum og hömrum.



Vindhviður: Oft vindasamt í og við Vestmannaeyjar.




Gróðureldar:



Lögreglan í Vestmannaeyjum

Brot og verkefni 2018

Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum



Brot og verkefni, skilgreining


Hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannsát. Talinn er fjöldi mála.

Vestmannaeyjar er minnsta umdæmið en íbúapétteleiki er þar mestur af umdæmunum níu. Aksturstími frá lögreglustöð fer hvernig yfir 10 mínútur.

Málin dreifast frekar jafnt yfir sólarhringinn, en þriðjungur var á daginn (kl 12-18) og 27% að nóttu til. Flest voru málin á sunnudögum.

Flest brot og verkefni voru í ágúst þar af voru 74% málanna sérrefsilagabrot (þ.e. aðallega fíkniefnabrot), 17% umferðarlagabrot og 15% hegningarlagabrot. Flest brotanna voru um Verslunarmannahelgi (frá fös til mán), um 77% sérrefsilagabrotanna og 59% hegningarlagabrotanna þann mánuðinn.


Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinotta erlendra ferðamanna




Hegningarlagabrot

Hegningarlagabrotin voru um 122 árið 2018. Árið 2016 voru óvenju mörg brot eða 205 allt árið, en tveim árum áður voru brotin aðeins 101 sem í senn var óvenju fá. Undan farin áratug hafa að jafnaði verið 156 brot á ári.


Fjöldi brota (topp 3 í LVE) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokkum






Lögreglan í Vestmannaeyjum

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan í Vestmannaeyjum

Þjónustusvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum





Lögreglan á Suðurnesjum

Garður
Grindavíkurbær
Vogar
Reykjanesbær
Sandgerði



Embættið 2018




Fjöldi lögreglu- og afleysingamanna = 88
Meðalaldur lögreglu- og afleysingamanna = 42,5
Hlutfall menntaðra lögreglumanna = 100%
Fjöldi héraðslögreglumanna = 0
Fjöldi starfandi lögreglunema = 10

Skipulag: Fjórar lögreglustöðvar: Reykjanesbæ, Grindavík, Garði og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli.


Lögreglan á Suðurnesjum er þriðja fjölmennasta lögregluembættið. Þar eru fimm sveitarfélög. Umdæmið spannar 818 km² og er þriðja þéttbýlasta umdæmi landsins, með 31,5 íbúa á hvern km².

Mikið álag er vegna landamæragæslu í flugstöðinni.


Íbúapétteleiki (fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra)




Lengd vega í km.



Meðalaldur íbúa



Fjöldi íbúa



Almannavarnir—náttúruvá



Eldvirkni: 3 virk eldstöðvakerfi. Síðast gaus á 13. öld á Reykjanesi.



Jarðskjálftar: Áhrifasvæði jarðskjálfta. Jarðskjálftar algengir án þess að eignatjón verði.



Jökulhlaup:



Flóð:



Sjávarflóð: Sjávarflóðahætta er víða þar sem þéttbýli liggja að sjó.



Óveður: Í öllum umdæmum þekkjast óveður þar sem samgöngur og aðrir innviðir truflast auk almenns eignatjóns.



Snjóflóð:



Skriðuföll:



Vindhviður: Reykjanesbraut er útsett fyrir vindhviðum og truflun getur orðið á utanlandsflugi.




Gróðureldar:



Lögreglan á Suðurnesjum

Brot og verkefni 2018


Eftir tíma sólarhrings



Eftir vikudögum




Dreifing verkefna yfir mánuði, ásamt fjölda gistinotta erlendra ferðamanna



Hegningarlagabrot

Hegningarlagabrotin voru um 680 allt árið 2018, en brotin voru yfir 1.000 árin 2006, 2008 og 2009. Brotunum fór svo fækkandi fram til 2015 en fjölgaði lítillega árin þar á eftir. Þá voru sérrefsilagabrot um 850 árið 2006, fór svo fækkandi fram til 2015 en hefur aftur fjölgað og voru yfir 700 árið 2018. Á árunum 2013-2017 voru að jafnaði 200 sérrefsilagabrot á 10 þúsund íbúa á Suðurnesjum, en aðeins embætti Vestmannaeyja var með fleiri sérrefsilagabrot á íbúa.

Fjöldi hegningarlagabrota á hverja 10 þús. íbúa




Brot og verkefni, skilgreining

Hegningar-, sérrefsi- og umferðarlagabrot (án brota sem tekin eru á stafrænar hraðamyndavélar). Einnig valdir verkefnaflokkar t.d. skylduverk, aðstoð, brunar, leitir og mannslát. Talinn er fjöldi mála.


Á Suðurnesjum dreifast málin frekar jafnt yfir sólarhringinn árið 2018, þó flest á daginn (kl 12-18) og fæst á nóttunni. Þá dreifast verkefni frekar jafnt yfir vikuna en eru fæst á föstudögum. Brot og verkefni voru flest yfir sumarmánuðina, líkt og fyrri ár.

Árið 2018 voru skylduverk/verkefni um 45% allra mála, umferðarlagabrot rúmur þriðjungur og hegningar- og sérrefsilagabrot tæp 20%. Sérrefsilagabrot voru fleiri en hegningarlagabrot en yfir 40% mála vörðudu brot á lögum um útlendinga, en embætti Suðurnesja annast vegabréfaeftirlit á Keflavíkurflugvelli.

Fjöldi brota (topp 3 í LSS) og meðalfjöldi á umdæmi 2018



Fjöldi brota eftir völdum brotaflokkum






Lögreglan á Suðurnesjum

Þéttleikakort 2017

Heildarfjöldi neyðarsímtala eftir staðsetningu árið 2017.






Lögreglan á Suðurnesjum

Þjónustusvæði

Aksturstími frá lögreglustöðvum




*Ekki er lengur staðsett lögreglustöð í Garði eins og þetta kort sýnir (13.1.2020).



Allt landið

Á kortinu má sjá vegalengdir í kílómetrum, frá lögreglustöðvum að íverustöðum.





Allt landið

Á kortinu má sjá áætlaðan tíma sem tekur lögreglu að keyra á íverustaði miðað við lögreglustöðvar.

